

Tilmæli 2/2025
Tillaga A 1999/UKK
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Um að vekja athygli á norrænu verðlaunaafhendingunum

Með vísun í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 1. apríl 2025 eftirfarandi tilmæli að tillögu Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að eiga viðræður við viðeigandi greinar og aðila til að meta möguleika á að skapa til dæmis vettvang þar sem bókaútgefendur geta komið saman reglulega í tengslum við kynningu á bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs og jafnframt
- að kanna möguleika á sambærilegum ráðstöfunum fyrir aðra verðlaunaflokka,
- að forgangsraða því að auka styrki vegna þýðinga norrænna bókmennta og hvetja til þess að fleiri bækur sem tilnefndar eru til bókmenntaverðlaunanna séu þýddar, og
- að sjá til þess að forgangsraðað sé að nægilegir fjármunir séu til að kynna verðlaun Norðurlandaráðs til að auka sýnileika og aðgengileika þeirra framlaga sem tilnefnd eru og verðlaunuð fyrir almenningi.

Helsingfors, 1. apríl 2025

Heléne Björklund,
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss,
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs